


Jarðgangakostir á Mið-Austurlandi

Niðurstöður könnunar

Afstaða til forgangsröðunar jarðganga á Austurlandi



Könnun framkvæmd febrúar–maí 2026 · Skýrsla gefin út júlí 2026

Envalys26-0701

Jarðgangakostir á Mið-Austurlandi. Niðurstöður könnunar. Afstaða til forgangsröðunar jarðganga á Austurlandi.

ENVALYS – júlí 2026

Höfundur skýrslu:

Páll Jakob Líndal, dr. í umhverfissálfræði

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Nánar um jarðgangakosti	5
Um könnun og framkvæmd	7
Gerð myndbanda	7
Framkvæmd	7
Úrtaksgerð og þátttakendur	8
Úrvinnsla	10
Úrtakið og túlkun niðurstaðna	10
Valkostir í jarðgangagerð — merkingar V1-V3	10
Forgangsröðun jarðganga	11
Spurning 1. Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ertu því að næstu jarðgöng á Mið-Austurlandi verði í 1. til 2. sæti í forgangsröðun nýrra jarðganga á Íslandi á eftir Fljóta-göngum í Fjallabyggð?	11
Spurning 2. Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ertu þeim breytingum á forgangsröðun jarðganga á Mið-Austurlandi sem ný drög að samgönguáætlun 2026 - 2040 fela í sér, þ.e. að Fjarðaleið (tvenn göng milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar um Mjóafjörð) sé sett fremst en gerð Fjarðarheiðarganga frestað til skoðunar síðar.	12
Valkostir í jarðgangagerð	13
Spurning 3. Hvern eftirfarandi valkosta telur þú hyggilegast að ráðist verði í FYRST þegar þar að kemur svo hámarka megi jákvæð samfélagsleg áhrif jarðgangagerðar fyrir Austurland OG Seyðisfjörð?	14
Spurning 4. Hvern eftirfarandi valkosta telur þú SÍST hyggilegast að ráðist verði í FYRST svo hámarka megi jákvæð samfélagsleg áhrif jarðgangagerðar fyrir Austurland OG Seyðisfjörð?	17
Spurning 5. Ef ráðist verður í gerð Fjarðaleiðar á undan öðrum jarðgangakostum á Mið-Austurlandi hvaða göng telur þú hyggilegast að gera ráð fyrir á eftir gerð hennar til að tryggja láglendissamgöngur allt árið milli þéttbýlisstaðanna á Mið-Austurlandi?	19
Spurning 6. Hversu hlyntur eða andvígur ertu því að ráðist verði sem allra fyrst í undirbúning að gerð Fjarðaleiðar, þ.e. umhverfismat, vinnu við gerð aðalskipulags og hönnun ganganna og aðliggjandi vega?	22
Annað sem þátttakendur vildu koma á framfæri	23
Veggjöld, innviðafélag og sameining sveitarfélaga	31
Spurning 7. Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ertu því að vegfarendum (á fólksbíl) verði gert að greiða veggjöld (kr. 500-2.500) fyrir hverja ferð í væntanlegum nýjum göngum eftir fjölda ferða) til að styðja við fjármögnun og mögulega flýta gerð nýrra ganga á Austfjörðum?	31
Spurning 8. Hversu andvíg(ur) hlynnt(ur) ertu stofnun sérstaks innviðafélags sem sjá mun um gerð og rekstur jarðganga á Íslandi og eftir atvikum annarra samgöngumannnvirkja og annast innheimtu gjalda fyrir notkun þeirra?	32
Spurning 9. Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú sameiningu sveitarfélaganna þriggja á Mið-Austurlandi (Fjarðabyggðar, Múlapings og Fljótsdalshrepps) í eitt sveitarfélag ef hafist verður handa við gerð einhverra þeirra ganga sem hér um ræðir?	33
Spurning 10. Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú sameiningu allra sveitarfélaganna fjögurra á Austurlandi (Fjarðabyggðar, Múlapings, Fljótsdalshrepps og Vopnafjarðarhrepps) í eitt sveitarfélag ef hafist verður handa við gerð einhverra þeirra ganga sem hér um ræðir?	34

Samantekt	35
Opnar lokaathugasemdir	36


Inngangur

Í tengslum við gerð Samgönguáætlunar 2026–2040 stóð Samgöngufélagið fyrir viðhorfskönnun til þriggja jarðgangakosta á Austurlandi sem helst teljast hafa jákvæð samfélagsleg áhrif fyrir Mið-Austurland, ekki síst Seyðisfjörð. Voru þeir eftirfarandi:

1. Fjarðarheiðargöng: Egilsstaðir/Hérað – Seyðisfjörður um Fjarðarheiði (**V1**).
2. Slenjudalsleið: Egilsstaðir/Hérað – Seyðisfjörður um Mjóafjörð (**V2**).
3. Fjarðaleið: Seyðisfjörður – Norðfjörður um Mjóafjörð (**V3**).

Tilgangur könnunarinnar var að kynna með myndrænum hætti umrædda jarðgangakosti og að fá fram afstöðu þátttakenda um forgangsörðun um gerð þeirra og tengdra atriða. Í þessari skýrslu er að finna niðurstöður könnunarinnar sem útbúin var af fyrirtækinu ENVALYS að beiðni Samgöngufélagsins. Gögnum var safnað frá febrúar til maí 2026 og ENVALYS sá um úrvinnslu þeirra. Alls luku 439 einstaklingar könnuninni. Engum persónugreinanlegum gögnum var safnað við framkvæmd hennar.

Nánar um jarðgangakosti



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir jarðgangakosti á Mið-Austurlandi.

V1 Fjarðarheiðargöng — Egilsstaðir/Hérað – Seyðisfjörður um Fjarðarheiði

Valkosturinn felur í sér gerð jarðganga (Fjarðarheiðaganga) undir Fjarðarheiði milli Egilsstaða/Héraðs og Seyðisfjarðar. * Framkvæmdin samanstendur af 13,2 km jarðgöngum, 7,2 km vegalagningu og gerð 110 m brúar. * Kostnaður við framkvæmdirnar er skv. skýrslu Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri (nóv. 2025) áætlaður 43,7 ma.kr. auk VSK eða 54,5 ma.kr. * Aksturstími gegnum göngin miðað við 70 km/klst er áætlaður um 11:30 mín.

V2 Slenjudalsleið — Egilsstaðir/Hérað – Seyðisfjörður um Mjóafjörð

Valkosturinn felur í sér gerð tveggja ganga 1) Slenjudalsganga milli Egilsstaða/Héraðs og Mjóafjarðar og Seyðisfjarðarganga milli Mjóafjarðar og Seyðisfjarðar.

- Framkvæmdin samanstendur af 9 km og 5,4 km jarðgöngum ásamt aðliggjandi vegum.

- Kostnaður við framkvæmdirnar er skv. gögnum Vegagerðarinnar (mars 2023) áætlaður 31,5 ma.kr. og 18 ma.kr eða samtals 47,5 ma.kr. Miðað við 16,16% hækkun vísitölu neysluverðs fra mars 2023 til desember 2025 er áætlaður kostnaður með VSK samtals 55,2 ma.kr.
- Aksturstími gegnum göngin miðað við 70 km/klst er áætlaður 7:45 mín og 4:40 mín.

V3 Fjarðaleið — Seyðisfjörður - Norðfjörður um Mjóafjörð

Valkosturinn felur í sér gerð tveggja ganga 1) Seyðisfjarðarganga milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar og 2) Mjóafjarðarganga milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar.

- Framkvæmdin samanstendur af 5,4 km og 7 km jarðgöngum, 2,5 km vegalagningu og gerð þriggja brúa samtals 140 m.
- Kostnaður við framkvæmdirnar er skv. skýrslu Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri (nóv. 2025) áætlaður samtals 46,3 ma.kr.
- Aksturstími gegnum göngin miðað við 70 km/klst er áætlaður um 4:40 mín og 6 mín.

Um könnun og framkvæmd

Könnunin samanstóð af fjórum hlutum:

1. Öflun bakgrunnsupplýsinga (þ.e. kyns, aldurs, búsetu, kunnugleika á umræddu svæði og ferðatiðni milli Seyðisfjarðar og annarra hluta á Mið-Austurlandi og afstöðu til forgangsroðunar nýrra jarðganga á Íslandi).
2. Þremur myndböndum sem hermdu eftir sýndarferðalagi um umrædd jarðgöng.
3. Könnun á afstöðu fólks til forgangsroðunar þeirra þriggja jarðgangakosta sem til umræðu voru. Þá voru settar fram spurningar er varða veggjöld, stofun innviðafélags og sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi, auk spurningar um gagnsemi þrívíddarframsetningar.
4. Opnum spurningum um umfjöllunarefni könnunarinnar og framsetningu hennar.

Gerð myndbanda

Við gerð könnunarinnar var lögð áhersla á að þátttakendur gætu fengið sem gleggsta mynd af ferðalagi um umrædda jarðgangakosti. Í því skyni útbjó ENVALYS tölvugert þrívíddarlíkan af umhverfinu þar sem færðar voru inn hinar nýju veglínur ásamt jarðgöngum. Til að gefa svarendum raunverulegri tilfinningu fyrir landslaginu og framkvæmdinni í heild sinni voru gerð þrjú myndbönd sem buðu upp á sýndarferðalag um alla þrjá kostina, þar sem ekið var frá Egilsstöðum í tilfelli Fjarðarheiðaganga, en frá Seyðisfirði í einum tveimur tilvikunum. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að þátttakendur töldu þrívíddarframsetninguna gagnlega (meðaltal = 3,98 af 6, staðalfrávik = 1,56).

Framkvæmd

Um var að ræða netkönnun þar sem þátttakendur gátu ýmist svarað gegnum farsíma eða tölvu. Dreifing á auglýsingu um þátttöku var í höndum Samgöngufélagsins og Marsmedia og fór gagnasöfnun fram dagana 28. febrúar – 28. maí 2026. Á þeim tíma var könnunin gerð aðgengileg með eftirfarandi hætti:

- Á heimasíðu Samgöngufélagsins (www.samgongur.is)
- Á Facebook-síðu Samgöngufélagsins (<https://www.facebook.com/samgongufelagid>)
- Í frétt [Austurfréttar](#) sem birt var 10. mars 2026.
- Með auglýsingu í prentmiðli og á vefsíðu Austurfréttar (www.austurfrett.is).

Könnunin var öllum opin og gat hver sem er dreift könnuninni og hvatt til þátttöku. Ekki liggja fyrir upplýsingar um endanlega dreifingu könnunarinnar. Í upphafi könnunar birtist síða þar sem stóð *Taka þátt í rannsókn* og þurftu þátttakendur að smella á hnapp til að opna könnunina.

Úrtaksgerð og þátttakendur

Alls opnuðu 571 manns könnunina. Af þeim samþykktu 512 þátttökuskilmálana og 491 svaraði bakgrunnsspurningunum (kyn, aldur, búseta, þekking á Mið-Austurlandi og ferðatíðni). Svör-un fór síðan stigminnkandi eftir því sem leið á könnunina: 456 svöruðu spurningum um valkosti í jarðgangagerð, 450 spurningum um veggjöld, innviðafélag og sameiningu sveitarfélaga og 439 náðu síðasta hluta könnunarinnar um framsetningu og skipulagsmál. Í greiningarköflum skýrslunnar byggir hver mynd á svörum þeirra sem svöruðu viðkomandi spurningu og er fjöldi svara (n) tilgreindur á hverri mynd.

Karlar voru ríflega tveir þriðju þátttakenda (68,8%) og konur tæpur þriðjungur (30,8%). Tveir þátttakendur skilgreindu kyn sitt sem „Annað“. Þar sem ekki er unnt að greina svo fámennan hóp tölfræðilega eru svör þeirra tveggja ekki talin með í greiningarköflum skýrslunnar; allar myndir byggja því á svörum þeirra sem skráðu kyn sitt sem konu eða karl.

Aldursdreifing þátttakenda hallaðist að eldri aldurshópum: rúmur þriðjungur (36,7%) var á aldri- inum 46–65 ára og tæpur þriðjungur (32,0%) 66 ára eða eldri. Aðeins 3,7% þátttakenda voru 25 ára eða yngri.

Langflestir þátttakendur voru búsettir á Austurlandi: 9,2% á Seyðisfirði, 26,5% í Múlaþingi utan Seyðisfjarðar og 36,3% á Austfjörðum utan Múlaþings — samtals 72,0% af svæðinu sem könnun- in fjallar um. Af þátttakendum utan svæðisins var fjölmennasti hópurinn af höfuðborgarsvæðinu (12,0%) og af Norðurlandi eystra (8,1%); aðrir landshlutar áttu hver um sig innan við 4% þátttak- enda.

Mikill meirihluti þátttakenda kvaðst þekkja vel til á Mið-Austurlandi: 65,6% sögðust þekkja mjög mikið til og 27,7% frekar mikið. Ferðatíðni milli Seyðisfjarðar og annarra hluta Mið-Austurlands dreifðist hins vegar breitt — rúmur fimmtungur (21,3%) ferðast vikulega eða oftar en 36,9% þrisvar á ári eða sjaldnar.

Tafla 1: Kyn- og aldursskipting þátttakenda

Kyn	Fjöldi	Hlutfall	Aldur	Fjöldi	Hlutfall
Kona	151	30,8%	25 ára eða yngri	18	3,7%
Karl	338	68,8%	26–45 ára	136	27,7%
Annað	2	0,4%	46–65 ára	180	36,7%
			66 ára eða eldri	157	32,0%

Tafla 2: Búseta þátttakenda mestan hluta úr árinu

Búseta	Fjöldi	Hlutfall
Seyðisfjörður	45	9,2%
Múlaþing utan Seyðisfjarðar	130	26,5%
Austfirðir (utan Múlaþings)	178	36,3%
Suðurland	15	3,1%
Suðurnes	2	0,4%
Höfuðborgarsvæðið	59	12,0%
Vesturland	7	1,4%
Vestfirðir	9	1,8%
Norðurland eystra	40	8,1%
Norðurland vestra	3	0,6%
Erlendis	3	0,6%

Tafla 3: Þekking þátttakenda á Mið-Austurlandi og ferðatíðni milli Seyðisfjarðar og annarra hluta svæðisins

Þekking	Fjöldi	Hlutfall	Ferðatíðni	Fjöldi	Hlutfall
Mjög lítið	4	0,8%	Daglega	12	2,4%
Frekar lítið	5	1,0%	4–6 sinnum í viku	27	5,5%
Hvorki né	24	4,9%	1–3 sinnum í viku	66	13,4%
Frekar mikið	136	27,7%	1–3 sinnum í mánuði	76	15,5%
Mjög mikið	322	65,6%	4–6 sinnum á ári	129	26,3%
			3 sinnum á ári eða sjaldnar	181	36,9%

Úrvinnsla

Niðurstöður könnunarinnar eru birtar á myndrænan hátt, ein spurning á síðu. Fyrir hverja spurningu er sýnt hlutfall þeirra sem völdu hvern svarmöguleika. Fyrir afstöðuspurningar (andvíg/hlynnt) er dreifingin sýnd út frá miðju þannig að andvíg svör liggja vinstra megin og hlynnt hægra megin, og svarmöguleikinn „Hvorki né“ er dreginn sérstaklega fram í lítilli hliðarmynd. Svarmöguleikinn „Veit ekki / vil ekki svara“ er undanskilinn í þeim myndum og talinn sérstaklega í myndatexta.

Engin heildarsía er lögð á þátttakendur; hver mynd byggir á svörum þeirra sem svöruðu viðkomandi spurningu og er fjöldi svara (n) tilgreindur á henni. Tveir þátttakendur sem skráðu kyn sitt sem „Annað“ eru undanskildir í greiningarköflum eins og getið er í kaflanum um þátttakendur.

Úrtakið og túlkun niðurstaðna

Könnunin var öllum opin og dreift gegnum samfélagsmiðla og fjölmiðla (sjá kafla um framkvæmd). Úrtakið er því sjálfvalið en ekki tilviljunarúrtak, og þátttaka ræðst meðal annars af því hverjir kjósa að deila könnuninni og hvetja til þátttöku. Af þeim sökum eru niðurstöður ekki vegnar og ekki er beitt marktektarprófum; slík próf meta einungis slembiðvissu, en stærsta óvissan í sjálfvöldu úrtaki felst í því hverjir taka þátt. Tölurnar lýsa afstöðu þeirra sem svöruðu, en varast ber að alhæfa þær yfir á alla íbúa svæðisins.

Af þessum sökum er **búseta meginlinsan** í þeim spurningum sem snúa að forgangsöröðun jarðganga. Eins og niðurstöðurnar sýna skiptast svör skarpt eftir því hvar fólk býr, og heildartalan („Öll“) í slíkum spurningum endurspeglar þá fyrst og fremst hvernig svarendahópurinn er samsettur eftir svæðum fremur en almenna afstöðu. Því er afstaðan greind eftir búsetuhópum: Seyðisfjörður, Múlaþing utan Seyðisfjarðar, Austfirðir (utan Múlaþings) og þátttakendur utan svæðisins.

Valkostir í jarðgangagerð — merkingar V1–V3

Þrír jarðgangakostir voru lagðir fyrir þátttakendur (sjá nánari lýsingu í inngangi). Til einföldunar eru þeir merktir **V1**, **V2** og **V3** í myndum og töflum skýrslunnar. Á myndum og í gagnaskrá voru svarmöguleikarnir auk þess styttnir svo þeir kæmust fyrir. Full lýsing eins og hún birtist þátttakendum, ásamt merkingu, er sem hér segir:


Merki	Valkostur (full lýsing í könnun)
V1	Fjarðarheiðargöng: Egilsstaðir (Hérað) – Seyðisfjörður (13,3 km)
V2	Slenjudalsleið: Seyðisfjarðargöng (Seyðisfjörður – Mjóifjörður, 5,4 km) og Slenjudalsgöng (Mjóifjörður – Egilsstaðir/Hérað, um 9 km)
V3	Fjarðaleið: Seyðisfjarðargöng (Seyðisfjörður – Mjóifjörður, 5,4 km) og Mjóafjarðargöng (Mjóifjörður – Fannardalur/Norðfjörður, 7 km)

Í spurningu 5 (göng á eftir Fjarðaleið) eru aðeins tveir kostir í boði: V1 (Fjarðarheiðargöng) og V2 (hér Slenjudalsgöng ein og sér, þar sem Seyðisfjarðargöng eru þá þegar komin með Fjarðaleið).

Forgangsroðun jarðganga

Spurning 1. Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ertu því að næstu jarðgöng á Mið-Austurlandi verði í 1. til 2. sæti í forgangsroðun nýrra jarðganga á Íslandi á eftir Fljótagöngum í Fjallabyggð?

Dreifing svara eftir búsetu og fyrir öll (útilokað: „Veit ekki / vil ekki svara“).




Tölur á mynd eru hundraðshlutar. Tölur undir 5 birtast ekki inni í súlum. Fjöldi sem svaraði "Veit ekki / vil ekki svara": 17.

Almennt eru þátttakendur hlynntir því að jarðgöng á Mið-Austurlandi verði ofarlega í forgangsroð nýrra ganga á landinu (68% hlynnt, 27% andvíg). Stuðningurinn er þó misjafn eftir búsetu: hann er afdráttarlausastur á Austfjörðum og utan svæðisins en hófstílltari á Seyðisfirði og í Múlaþingi.

Spurning 2. Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ertu þeim breytingum á forgangsörðun jarðganga á Mið-Austurlandi sem ný drög að samgönguáætlun 2026 - 2040 fela í sér, þ.e. að Fjarðaleið (tvenn göng milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar um Mjóafjörð) sé sett fremst en gerð Fjarðarheiðarganga frestað til skoðunar síðar.

Dreifing svara eftir búsetu og fyrir öll (útilokað: „Veit ekki / vil ekki svara“).




Tölur á mynd eru hundraðshlutar. Tölur undir 5 birtast ekki inni í súlum. Fjöldi sem svaraði "Veit ekki / vil ekki svara": 2.

Þessi spurning afhjúpar skarpasta mun könnunarinnar. Íbúar Seyðisfjarðar og Múlaþings eru nær einróma andvígir því að Fjarðaleið sé sett fremst og gerð Fjarðarheiðarganga frestað til síðari tíma, en íbúar á Austfjörðum nær einróma hlynntir sömu nálgun. Heildartalan, sem er aðeins lítillega jákvæð, segir því lítið ein og sér; hún endurspeglar fyrst og fremst hve stór hluti svarenda kemur frá hvoru svæði.

Valkostir í jarðgangagerð


Þátttakendur tóku afstöðu til þriggja valkosta í jarðgangagerð (V1 Fjarðarheiðargöng, V2 Slenjudalsleið og V3 Fjarðaleið; sjá merkingar í úrvinnslukafla). Myndin hér að neðan dregur saman afstöðuna í spurningum 3–5 eftir búsetu og sýnir skýrasta mynstur könnunarinnar: íbúar Seyðisfjarðar og Múlaþings telja Fjarðarheiðargöng (V1) hyggilegust, en íbúar á Austfjörðum Fjarðaleið (V3). Afstaðan ræðst þannig fyrst og fremst af því hvar fólk býr.



Mynd 2. Valkostir í jarðgangagerð (V1 Fjarðarheiðargöng, V2 Slenjudalsleið, V3 Fjarðaleið) eftir búsetu þátttakenda. „Annað“ sleppt. Hlutföll reiknuð innan hvers svæðis.

Spurning 3. Hvern eftirfarandi valkosta telur þú hyggilegast að ráðist verði í FYRST þegar þar að kemur svo hámarka megi jákvæð samfélagsleg áhrif jarðgangagerðar fyrir Austurland OG Seyðisfjörð?

Fjöldi svara: n = 454. Styttning svarmöguleika er skýrð í úrvinnslukafla.



Valkostur	Seyðisfj.	Múlaþ.	Austf.	Utan sv.
V1	90%	78%	11%	30%
V2	2%	6%	15%	14%
V3	8%	10%	70%	51%
Annað	0%	6%	4%	4%
n	40	124	165	125

Spurt um hvaða valkost sé hyggilegast að ráðast fyrst í skiptist heildin nokkurn veginn jafnt milli Fjarðarheiðarganga (V1) og Fjarðaleiðar (V3). Að baki þeirri jöfnu heildartölu liggur skýr búsetumunur: íbúar Seyðisfjarðar og Múlaþings telja Fjarðarheiðargöng hyggilegust (um og yfir 80%), en íbúar á Austfjörðum Fjarðaleið (70%).

Opin svör við spurningu 3 — „Annað – hvað?“


Svör þeirra sem völdu „Annað“ í spurningu 3, birt orðrétt (n = 36).

- Fjarðargöng: Seyðisfj. - Slengjudalur, Mjóifj-Slengjudalur og Eskifjörður-Slengjudalur.
- Hringtenging og gagnast flestum Þessi nýja leið er sveitastjórna á Austurlandi til að flækja og veikja stöðu Austurlands
- Hringtengir Austurland 9-10 mánuði ársins og algjör trygg hringtenging á ferðamannatíma (maí-október). Erfið og ótrygg jarðlög komu fram við rannsóknir á Fjarðarheiði og þar þarf 1-2 viðbótarár til rannsókna til að skera betur úr hvort sú leið er yfirhöfuð ráðleg og fyrirsjáanlegur skaði á tveimur virkjunum í Fjarðará..
- Samgöngg, Seyðisfjörð- Fannardal, með tegningu í Mjóifjörð og til Héraðs. Þá er greið leið að sjúkrahúsinu á Neskaupstað FYRIR ALLA AUSTFIRÐINGA.
- Allt best en ekki að eyða peningum í Fjarðarheiðargöng.
- Skoða V2 og V3 samhliða, vantar það inn hér.
- V2+V3 væri æskilegasta lausnin sem ein heild. Ekki rjúfa gangnagerðina í sundur heldur ná henni í gegn sem einni framkvæmd. Þrenn göng, ein framkvæmd. V3 og V1 kæmi einnig til greina en fæli í sér aukinn kostnað m.v. hina leiðina. V2 ein og sér myndar áfram “botnlanga” á Seyðisfjörð þrátt fyrir tengingu við Mjóafjörð og leysir ekki örugga tengingu milli Héraðs og Fjarða á veturna til að leysa Fagradal af hólmi þegar veður eru verst. Í þessum möguleika vantar tenginguna milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar. Sama gildir um V3 þó svo að sú leið skapi hringtengingu enda haldist Fjarðarheiði áfram opin. Með þessum möguleika vantar örugga tengingu milli Héraðs og Fjarða til að leysa Fagradal og Fjarðarheiði af hólmi t.d. Slengjudalsgöng.
- Fjarðarheiðargöng fyrst og um leið yrði farið í undirbúning frá Seyðisfirði yfir í Mjóifjörður og síðan í Norðfjörð = Hringtenging
- Svo Mjóifj Fannardalur
- Furðulegt að ekki sé boðið uppá Fjarðagöng myndi setja þau í fyrsta sæti
- Síðar komi svo Slengjudalsgöng
- Tillögu Þratar, Ragnars og Þuríðar, ein göng undir eskifjarðarheiði og svo göng undir mjóafjarðarheiði í seyðisfjörð með smá skoti yfir í mjóafjörð
- Egillstaðir-mjóifjörð Mjóifjörður- seyðisfjörður Mjóifjörður- norðfjörður Er eina framkvæmdin sem myndi gagnas öllum á austurlandi
- Valkostur 2 er viskulegur en á sama tíma verður að huga að því hvernig farið verður í að afnema Fagradal með göngum í Egilsstaði. Göng sem nýtast Suðurfjörðunum líka.
- Þó svo að Slengjudalsgöng líti mjög vel út á korti er Slengjudalur frægur fyrir að vera veðravíti og mjög snjóþungur þar af leiðandi er ég ekki hlýntur þeirri leið annars væri hún í fyrsta sæti hjá mér
- Fyrst á að fara í Fjarðarheiðargöng. Í framhaldi af því er hægt að fara sey - mjó - nesk
- T göng
- Nor-Mjó-Sey-Hérað
- Fjarðagöng með tengingu úr mjóafirði til Héraðs. Yfirburða samgöngubót fyrir allt Austurland líka með tilliti til byggðapróunar fjórðungnum.
- Mikilvægt að klára samtengingu Austurlands eins og var fagleg niðurstaða 2020
- V3 + Slengjudalsgöng helst um leið eða í framhaldi.
- V2 hefur, sem valkostur í þessari könnun hefur í raun aldrei verið inni í myndinni. Samstaða varð á sínum tíma 2020 um gildandi samgönguáætlun með V1 í forgang og V3 síðan í beinu framhaldi. Samanburðurinn stóð þá áður um þetta eða V3 með “Slengjudalsgöngum” og með vísan til skýrslu Stjórnarráðsins frá 2019 um Seyðisfjarðargöng -Valkosti og áhrif á Austurlandi þá þar nefndur “Valkostur 3”. Valkostir Samgöngufélagsins í könnun þessari eru að mínu mati úr takt við forsögu máls þar sem þennan “Valkost 3” vantar til viðmiðs frekar en V2.

- Eskifjarðarheiði norf mjóíff mjóíff sey
- Hvort sem fólki líkar það betur eða verr þá eru Egilsstaðir Kjarni austurlands og þaðan liggja vegir til allra átta. Seyðisfjörður er hluti af því sveitarfélagi og við loford á að standa. Ef stjórnmöld vilja líka í alvörunni dreifa ferðafólki um landið þá byrja þau á Fjarðarheiðargöngum enda stór flutningsæð inn í landið í Seyðisfirði. Og svo eru það auðvitað öryggi íbúa á Seyðisfirði. Þar er í raun engin önnur leið, en Siglfirðingar hafa veg sem er Lágheiði yfir í fljót sem er mun auðveldari yfirferðar en Fjarðarheiði fyrst samgönguráðherra fór að blanda öryggismálum í þetta. Og svo ætti ráðherra að láta endurreikna kostnaðinn því hann gengur ekki upp ef marka má samantekt Jóns Lögfræðings og félaga hans um þá skýrslu. Og það er ekki eins og það sé í fyrsta skipti sem tölur ríkisstjórnar núverandi og fyrrverandi standast illa og alls ekki.
- Sundabraut og lest/ borgarlína til Keflavíkur
- Þó óska ég að auki eftir tengingu við alla firðina í gegnum ganga á milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar
- Seyðisfjörður, Mjóíffjörður, Slenjudalur, Eskifjarðarheiði
- 1. Fjarðarheiðargöng 2. Fjarðagöng Vinna þessi göng á sama tíma Ekkert vit í Mjóíffjörður-Slenjudalur óttalegt veðravíti þarna - væri geggjað að geta keyrt næstum alla leið í göngum frá t.d. ESK/NESK uppeftir til Héranna ☒
- Seyðisf yfir í mjóafjörð yfir í fannardal, og göng mjóíffjörður uppá hérað ☒
- Seyðisfj - Mjóíffjörður Mjóíffjörður- Egilsstaðir Mjóíffjörður-Fannardalur
- Það þarf þrenn göng ekkert annað í boði byrja frá þaðum endum fannardalur mjóíff og seyðisfj yfir í mjóafj og taka það í notkun og svo mjóíff. Upp til héraðs
- Hefði viljað Fjarðabyggð að viðbættum Slenjudalsgöngum
- Ef hafður er í huga langtíma ávinningur bættra samgangna þá eru fjarðarheiðargöngin lang besti kosturinn og í framhaldi af þeim gangnagerð yfir í Norðfjörð. Betra er að göng frestist en að aðrir kostir verði valdir. Með langtíma hugsun þá er ekki bara horft til hagsmuna Seyðisfjarðar og Héraðs heldur þeirra hagsmuna sem þjóðin öll hefur af því að móta vandaða innviði á besta og mikilvægasta vaxtarsvæði landsins. Hvergi á landinu eru jafn hagstæðar aðstæður til framtíðar uppbyggingar íbúðabyggðar og atvinnulífs eins og skýrt kom fram í athugun erlendra sérfræðinga við undirbúning stóriðjuframkvæmda á Austurlandi.
- Leið 3 og leið 2 á sama tíma opnar fyrir mestan möguleika og leiðir fyrir fólk á afskekktum svæðum. Auk þess að þá er bæði Fjarðarheiði og Fagridalur ekki lengur vegatálmar. Það má reyndar líka vera leið 3 og 1 en gera þau á sama tíma og opna í gegnum öll þessu fjöll.
- V1 Fjarðarheiðargöng einnig
- ég vill að öll þrjú göngin verði boðið út í einu lægi vill sjá seyðisfjörð í mjóafjörð mjóíffjörður í fagradal mjóíffjörður inorðfjörður þá losnum við við fjarðarheiðina og fagradalinn

Spurning 4. Hvern eftirfarandi valkosta telur þú SÍST hyggilegast að ráðist verði í FYRST svo hámarka megi jákvæð samfélagsleg áhrif jarðgangagerðar fyrir Austurland OG Seyðisfjörð?

Fjöldi svara: n = 454. Stytting svarmöguleika er skýrð í úrvinnslukafla.



Valkostur	Seyðisfj.	Múlap.	Austf.	Utan sv.
V1	10%	19%	76%	60%
V2	18%	19%	6%	10%
V3	70%	57%	18%	27%
Annað	2%	4%	0%	3%
n	40	124	165	125

Spurt um hvaða valkost sé síst hyggilegast að ráðast fyrst í snýst myndin við og speglar fyrri spurningu. Íbúar Seyðisfjarðar og Múlapings nefna helst Fjarðaleið (V3) sem þann kost sem síst eigi að setja fremst, en íbúar á Austfjörðum Fjarðarheiðargöng (V1). Afstaðan til þess hvað eigi að gera fyrst og hvað síst sýnir þannig tvær hliðar á sama búsetumun.


Opin svör við spurningu 4 — „Annað – hvað?“

Svör þeirra sem völdu „Annað“ í spurningu 4, birt orðrétt (n = 16).

- Finnst ekki vit í því að gera göng frá Seyðisfirði yfir í Norðfjörð (þar sem ég bý) en ekki tengja beint til Egilsstaða, Seyðfirðingar eiga ekki að þurfa að fara í gegnum Fjarðabyggð til þess að komast til Egilsstaða en ég væri til í göng frá Norðfirði til Seyðisfjarðar EF það eru komin göng frá Seyðisfirði til Egilsstaða.
- Samgöngg, Seyðisfjörð- Fannardal, með tegningu í Mjóifjörð og til Héraðs. Þá er greið leið að sjúkrahúsinu á Neskaupstað FYRIR ALLA AUSTFIRÐINGA.
- Aldrei Fjarðarheiðagöng
- Fljótagöngin má fresta ,íbúar hafa um aðra leið að velja .
- Svólítið leiðandi spurning
- Ég sé ekki að ráðist yrði í framtíðar göng frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar og úr Mjóafirði til Norðfjarðar í fyrirsjáanlegri framtíð verði af Fjarðarheiðargöngum. Sú framkvæmd yrði gríðarlega kostnaðarsöm og öðrum svæðum forgangraðar frammar næðu þau fram að ganga ein og sér.
- Veit ekki
- Fannardalur til Seyðisfjarðar með tengingu úr Mjóafirði til Héraðs. Yfirburðaframkvæmd fyrir allt Austurland byggðaþróunar og samgöngulega
- Siglufjarðargöng sem og Seyðisfjarðargöng 2 og 3
- forsendur jákvæðra áhrifa eru Fjarðarheiðargöng
- Ef ekki verður ráðist í þessar framkvæmdir má búast við frelari töfum. Mikilvægt er að tryggja að Fjarðabúar komist upp á Hérað allan ársins hring því Fagridalur er oft ófær á veturna. Ráðamenn verða að átta sig á að margir Fjarðabúar sækja vinnu upp á Hérað og öfugt.
- Með því að fresta Fjarðarheiðargöngum og setja þau afturfyrir Fljótagöng og fjarðagöng þá erum við að fresta jarðgangagerð á Austurlandi um líklega 10 ár eða meira
- Nr.2 fyrst og síðan að bora frá Mjóafirði til Norðfjarðar.
- Ef byrjað yrði á Fjarðarheiðargöngum verða hin göngin aldrei.
- Aðrir kostir en fjarðarheiðargöng eru jafn óæskilegir enda spilla báðir fyrir að besta hringtenging náist.
- öll þrjú göngin bjóða þaug út í einu lægi það gæti verið 30% ótyrara

Spurning 5. Ef ráðist verður í gerð Fjarðaleiðar á undan öðrum jarðgangakostum á Mið-Austurlandi hvaða göng telur þú hyggilegast að gera ráð fyrir á eftir gerð hennar til að tryggja láglendissamgöngur allt árið milli þéttbýlisstaðanna á Mið-Austurlandi?

Fjöldi svara: n = 454. Stytting svarmöguleika er skýrð í úrvinnslukafla.



Valkostur	Seyðisfj.	Múlaþ.	Austf.	Utan sv.
V1	90%	67%	12%	34%
V2	8%	24%	74%	58%
Annað	2%	9%	14%	7%
n	40	124	165	125

Verði ráðist í Fjarðaleið á undan öðrum göngum telja nokkuð fleiri hyggilegast að Slenjudalsgöng (hluti af V2) komi þar á eftir frekar en Fjarðarheiðargöng (V1). Búsetumunurinn helst þó: íbúar Seyðisfjarðar og Múlaþings halla sér að Fjarðarheiðargöngum en íbúar utan þeirra að Slenjudalsgöngum.

Opin svör við spurningu 5 — „Annað – hvað?“


Svör þeirra sem völdu „Annað“ í spurningu 5, birt orðrétt (n = 45).

- Göng undir Eskifjarðarheiði til að tengja sem best vetrarsamgöngur fyrir mannaflann á Egilsstaðasvæði við atvinnuframboðið í Fjarðabyggð. Annars göng undir Mjóafjarðarheiði og Slenjudal í lið 2.
- Göng undir Eskifjarðarheiði
- Berufjörður- breiðdal- Skriddalur
- Láta gott heita í bili
- Fjarðarheiðargöng í forgang svo er hægt að huga að hinu
- Slenjudalsgöng myndu koma til móts við þarfir flestra á Mið-Austurlandi. - Seyðisfirðingum yrðu tryggðar láglendissamgöngur til Héraðs og til Fjarða. Mest atvinnutækifæri eru á fjörðum s.s. fiskvinnslur og álverið að ógleymdi heilbrigðisþjónustu í Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Þá er þjónustu helst að sækja í Hérað auk flugs. Ekki má gleyma fraktflutningum til og frá Norrænu sem myndu alfarið færa á láglendi. - Héraðsmönnum yrðu tryggðar láglendissamgöngur til Fjarða í atvinnusókn. Mikill fjöldi íbúa á Héraði sækir atvinnu niður á Firði, s.s. í álverið, og getur Fagridalur reynst verulegur farartálmi á veturna. - Fjarðamönnum og Héraðsbúum yrðu tryggðar láglendissamgöngur til Seyðisfjarðar og þar með til Evrópu með Norrænu. - Fjarðamönnum yrðu tryggðar láglendissamgöngur til Héraðs en mesta þjónustu á Austurlandi er að finna á Egilsstöðum sem og áætluð flug til Reykjavíkur. Þó er settur sá fyrirvari á þetta svar að Slenjudalsgöng hafa e.t.v. ekki verið rannsökuð til hlítar en gríðarleg vöntun hefur verið á að taka út alla þá gangnakosti á Mið-Austurlandi svo taka megj upplýsta ákvörðun um forgangsroðun jarðgangnagerðar. Áhyggjur hafa verið uppi um langa vegkafla og vetrarfærð, s.s. frá Egilsstöðum í Slenjudal, út Fjarðadal í Mjóafirði og út Fannardal í Norðfirði, með tilheyrandi vetrarþjónustu og mögulegri ófærð.
- ekkert
- Eða göng um Eskifjarðarheiði.
- Fannardalur - Norðfjörður
- Mjóifjörður Slenjudalur. Eða Eskifjörður Slenjudalur
- Egilsstaðir-mjóifjörð Mjóifjörður- seyðisfjörður Mjóifjörður- norðfjörður Er eina framkvæmdin sem myndi gagnas öllum á austurlandi
- Ekkert af ofantöldu
- Undir Eskifjarðarheiði
- Þó svo að Slenjudalsgöng líti mjög vel út á korti er Slenjudalur frægur fyrir að vera veðravíti og mjög snjóþungur þar af leiðandi er ég ekki hlyntur þeirri leið annars væri hún í fyrsta sæti hjá mér
- Ég tel að röðin eigi að vera 1. Slenjudalsgöng 2. Seyðisfjörður - Mjóifjörður 3. Mjóifjörður Fannardalur Setja Axarveg í bið.
- Fagridalur er lítill farartálmi
- Yfirburða framkvæmd
- Öryggi vegtenginga er það mikilvægasta
- Skoða hagkvæmöstu leið miðað við umferð og þjónustu á Austurlandi.
- Göng undir Eskifjarðarheiði
- Seyðisfjörður-Mjóifjörður-Slenjudalur-Norðfjörður
- Göng undir Eskifjarðarheiði
- Fjarðagöng eiga ekki að vera valkostur sem fyrstu göng, þau eru það mikið skemmdarverk á öllu mannlífi og atvinnulífi Seyðisfjörður-Egilsstaðir

- Skil ekki alveg þesa möguleika hlinnt ekki hlinnt lítið, mikið og svo framvegis þessar spurninga snuast alfarið um seyðisfjörð en það þarf að taka austurland allt inn í þetta en ekki bara þessa könnun sem mér finnst eiginlega bull með þessar spurningar það kemur ekkert út úr þessu svona, horfum á hvaðan tekjurnar koma frá fjórðungnum og forgangröðum ut frá því, það er HAGKVÆMI fyrir þjóðina alla ekki bara leggja öll eggin kanski eitt stórt verk sem kostar 90 milljarða og kemur fáum til góða þetta yrði dýrasti afleggjari landsins og þó víða verði leitað, sýnum hagkvæmni og ábyrgð fyrir austurland og þjóðina leggjum upp frá því...
- Skoða Vestfirði eftir Austurland
- Það er ekkert EF hér.
- V3
- Það er ekki neinum til góðs að það verði ekki strax sett í gangað nota þann undyrbúning sem búið er að gera vegna Fjarðarheiðaganga.
- Frá Eskifirði
- Suðurfyrðir
- Góng upp á Fagradal, til að losna við erfiðar vetraraðstæður á neðri hluta Fagradals
- ekki hvika frá Fjarðarheiðargöngum. loforð skulu standa.
- Þetta nýttist öllum austfyrðingum
- Göng undir Lónsheiði
- Hvar sem er ódýrast að fara upp í hérað. Mögulega undir Eskifjarðarheiði
- Finnst það glapræði að byrja á fjarðargöngum
- Fjarðargöng
- Lónsheiðargöng
- Bara að það opnist leið framhjá Fagradalnum og er fjárhagslega betri.
- það er galin hugmynd að gera Slenjudalsgöng vegna veðurfars og snjóflóðahættu
- þetta er meiri þvæla þessar spurnigar eg vill bar að það komi hringtenging við seyðisfjörð mjóifjörður norðfjörður við hérað
- Undir öxi
- Að mestu loknu ætti að setja göng undir Lónsheiði. Ef stefnt er að því að halda ferjunni á Seyðisfirði ætti alltaf að velja leiðir mar sem ekki þarf að klöngrast upp brekkur og heiðar. Eins og t.d. Fagradal
- Neskaupst Mjóifjörður og Seyðis Mjóif
- Engin göng í hálfa öld á Austurlandi verða sett í framkvæmd, en óskin væri breiðdalur + Stöðvarfjörður + Fáskrúðsfjörður

Spurning 6. Hversu hlyntur eða andvígur ertu því að ráðist verði sem allra fyrst í undirbúning að gerð Fjarðaleiðar, þ.e. umhverfismat, vinnu við gerð aðalskipulags og hönnun ganganna og aðliggjandi vega?

Dreifing svara eftir búsetu og fyrir öll (útilokað: „Veit ekki / vil ekki svara“).



Tölur á mynd eru hundraðshlutar. Tölur undir 5 birtast ekki inni í súlum. Fjöldi sem svaraði "Veit ekki / vil ekki svara": 6.

Afstaða til þess að hefja undirbúning Fjarðaleiðar er afgerandi tvískipt: rúmur helmingur er mjög hlyntur en um fjórðungur mjög andvígur, með fáa þar á milli. Skiptingin fylgir sömu búsetulínu og forgangsroðunin og endurspeglar afstöðu svæðanna til Fjarðaleiðar fremur en almenna óvissu.

Annað sem þátttakendur vildu koma á framfæri

Svör við opnu spurningunni „Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi jarðgangagerð á Austurlandi?“, birt orðrétt (n = 127).

- Kostnaðarmat Vegagerðarinnar á Fjarðarheiðargöngum er alrangt miðað við það sem kemur fram um rannsóknir á gangaleiðinni.
- [REDACTED] skrifar. Komið hefur fram að samgönguráðherra var afhentur undirskriftalisti til stuðning Fjarðagöngum í forgang á undan Fjarðarheiðargöngum. Þar sem ég hef starfað að undirbúningi jarðganga bæði í virkjana geiranum og samgöngumálum nær samfelld allt frá því fyrir 1980 hef ég fylgst náið með þessu máli. Nú má segja að ég sé kominn á eftirlaunaaldur og eitt af síðustu verkefnum sem ég vann við var að jarðfræðilegum undirbúningi jarðganga undir Fjarðarheiði. Einnig hafði ég unnið for-undirbúning jarðfræðiaðstæðna ganga á milli Norðfjarðar - Mjóafjarðar og Seyðisfjarðar og auk þess áður Fáskrúðsfjarðargöng og Norðfjarðargöng. Tæknileg vinna við að búa Fjarðagöng til útboðs er fljótt unnin en þar tel ég að umhverfismál geti tekið lengstan tíma. Þarna er mjög lítil vegagerð, þrjár brýr en krækja þarf inn fyrir vatnsverndarsvæðið í Fannardal (Norðfirði.) Sjálfa jarðgangagerðina má framkvæma á 3-3,5 árum ef grafið er til beggja átta úr Mjóafirði. Oft hefur verið slegið fram að Fjarðarheiðargöng séu eina gangaleiðin í landinu sem sé tilbúin til útboðs. Samkvæmt skrifum Jónínu Brynjólfsdóttur í Austurfrétt 4 febr. 2025 er að sjá að samkomulag hafi verið gert (milli Múlaþings og Ráðamanna þjóðar í fyrri ríkisstjórn) að ekki yrði farið að rannsaka fyrir önnur jarðgöng fyrr en vinna við Fjarðarheiðargöng væri komin af stað. (sjá fimmtu málsgrein Jónínu í Austurfrétt 4 febr 2025). Skýrsla stjórnarráðsins frá 2019 um ávinning af Seyðisfjarðargöngum - Fjarðarheiðargöngum er að mínu mati eins og hvert annað pólitískt plagg einhliða lituð af "meðmælum" með Fjarðarheiðargöngum og kostnaðaráætlun jarðganganna í þeirri greinargerð allt of lág eins og síðar kom í ljós. Ég tel að umræðan um Seyðisfjarðargöng sem fyrst snérist um Samgöng á Austurlandi, hafi að frumkvæði og forystu Austfars á Seyðisfirði verið á árunum 2008-2020 snúið frá samgangahugmyndinni og þá yfir í jarðgöng sem aðallega beindust að vetrarsiglingum ferjunnar Norrænu. Vetrarsiglingar Norrænu til Seyðisfjarðar voru reyndar í tæp 10 ár en Smirilline gafst svo upp á þeim er öllum var orðið ljóst að þær voru mjög óarðbærar. Undanfarnir 5 ár hefur ferjan ekki verið í vetrarsiglingum 4 mánuði ársins (síðla nóvember til síða í mars). Því er ekki fótur fyrir því að að fara af stað með jafn viðamikið og áhættusamt verkefni eins og Fjarðarheiðargöng eru þar sem ferjan siglir ekki lengur yfir veturinn. Vetrarsiglingar Norrænu átti að vera einn aðal grundvöllurinn fyrir þessa framkvæmd. Nú hefur aðal atvinnan færst meira suður eftir og því tilvalið fyrir Seyðisfirðinga að fara styðja við Fjarðagöng til að tengjast atvinnulífinu og bættri heilbrigðisþjónustu.
- Það er galið að beina Seyðisfirðingum í Norðfjörð og álíka galið að vera enn með fjórðungs-sjúkrahúsið ennþá þar.
- Göngin milli Seyðisfjarðar - Mjóifjörður - Eigilsstaðir tel ég skynsamlegt að byrja á. Tengja Seyðisfjörð fyrst og síðan yðri farið í Mjóifjörður til Neskaupsstaðar. Fjarðarheiðargöng ein og sér er galið dæmi. Samtengin þessa þriggja staða er lang besta lausnin og munu þessar byggðir og Austfirðir njóta mest ef farið í þessi göng strax.
- Fjarðagöng hringtengja og nýtast flestum svo göng úr Mjóafirði uppí hérað
- Nei
- Til að tengja sem best búsetu og atvinnuframboð á Austurlandi er best að byrja á að tengja Norðfjörð og Seyðisfjörð um Mjóafjörð og sjá svo til hvað verður ofaná með að tengja vinnu-aflið á Héraði við atvinnuna í Fjarðabyggð. Það væri þá undir Mjóafjarðarheiði eða undir Eskifjarðarheiði.
- Seyðisfjörður hefur enga þörf fyrir dýrasta mannvirki íslandssögunar. Bærinn gefur ekkert frá sér til þess að réttlæta það

- Fjarða heiðar göng þjóna ekki samfélaginu í heild sinni ég skil að seiðisfirðingar vilja losna úr prísundinni en mjóifjörður er með mun brotthættari byggð hinn 3 göngin mundu opna fyrir seiðisfjörð til eigilstaða en líka til vinnu á firðinna en þau opna líka fyrir munn betri samgaungur frá sjúkra húsi í flug ef fagri dalur er lokaður og beina leið fyrir seiðisfjörð á sjúkra hús ég hef það álit að samfélagið á austur land virkar betur þegar hálf ófærir vegir eins og fjarðarheiði, fagri dalur og öxi væru sniðgengnir með göngum
- Samgöngg, Seyðisfjörð- Fannardal, með tegningu í Mjóifjörð og til Héraðs. Þá er greið leið að sjúkrahúsinu á Neskaupstað FYRIR ALLA AUSTFIRÐINGA.
- Það þarf að fylgjast vel með hver staðan á fagradalnum er þar sem rennur úr veginum ofan í Fagradalsánna og landsvæðið lítið uppá að hlaupa til að breyta því og þá gæti verið gott að vera komin með jarðgangagerð á blaðið sem tengir firðina við héraðið
- Mikilvægt að gera jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar einnig Stöðvarfjarðar og Breiðdals
- Norræna getur hvenær sem er hætt að sigla á Seyðisfjörð og flestir vinnandi þar sækja vinnu í álverið á Reyðarfirði. Það eru hreinir eiginhagsmunir Seyðfirðinga sem voru látnir ráðan en nú er ekki um slíkt að ræða sem ber að fagna. Hins vegar er skandall að þetta svæði, sem moka inn gjaldeyristekjum fyrir þjóðarþúið fái ekki þessi göng STRAX - byrja núna!
- Aldrei Fjarðarheiðagöng
- Það á aldrei að fara í Fjarðarheiðagöng því líkur á að þær fari langt framúr áætlun er svipað og Vaðlaheiðargöng gerðu sem fóru 80-90% fram úr áætlun, miðað við það færur Fjarðarheiðagöng í um 100-130milljarða sem er rugl fyrir nánast enga samgöngubót.
- Rjúfa einangrun Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar og tryggja varaleið frá fjörðunum til Héraðs vegna tíðrar ófærðar eða hættulegs ástands á Fagradal
- Fjarðarheiði er eina leið íbúa úr bæjarfélaginu, þar að leiðandi löngu komið að jarðgöngum.
- Ég tel innviðaráðherra hafa alltof mikið geðþóttavald í þessu.
- Fjarðarheiðargöng eru tilbúin til útboðs og lang nauðsynlegust. Af stað með þau strax
- Það vantar tilfinnanlega frekari rannsóknir á þeim valkostum sem standa til boða í jarðgangnagerð á Mið-Austurlandi, einkum hvað varðar tengingu milli Héraðs og Fjarða. Í nýrri skýrslu RHA "Greining jarðgangakosta á Mið-Austurlandi" frá 2025 er aðeins gert ráð fyrir Fjarðarheiðargöngum sem slíkri tengingu. Kanna þarf til hlítar kosti og galla Slenjudalsganga m.t.t. kostnaðar. Sé lítið algjörlega framhjá kostnaði framkvæmda er unnt að fallast á að V1 og V3 væru skynsamlegustu kostirnir til framtíðar. Hins vegar er ekki raunhæft að líta framhjá kostnaði í tengslum við þær framkvæmdir sem um ræðir.
- Til þess að hafa hringtengingu á Austurlandi þurfa Fjarðarheiðargöng að vera fyrst, síðan Fjarðargöng. Fjarðarheiði er einn erfiðasti fjallvegur landsins og mikill farartálmi. Taka þarf tillit til þess að til Seyðisfjarðar kemur ferja vikulega með farþega og fragt. Skemmtiferðaskip sigla mest til Seyðisfjarðar á Austfjörðum. Ferðaþjónusta er stóriðja Seyðfirðinga, dregist hefur verulega saman í atvinnumálum Seyðfirðinga og myndu göng til Egilsstaða stórauka möguleika til atvinnuleitar. Öll þjónusta á sviði heilbrigðismála er á Egilsstöðum, framhaldsskóli sem nemendur sækja. Svo má ekki gleyma því að Seyðisfjörður er í Múlaþingi og forsendur til sameiningar var loford um samgöngubætur með Fjarðarheiðagöngum. Með því að taka Fjarðarheiðargöng úr samgönguáætlun var ígildi náttúruhamfara fyrir íbúa Seyðisfjarðar.
- Fjarðarheiðargöng fyrst og um leið yrði farið í undirbúning frá Seyðisfirði yfir í Mjóifjörður og síðan í Norðfjörð = Hringtenging
- Þær breytingar sem eru að eiga sér stað á Seyðisfirði bæði hvað varðar atvinnuástand og ofanflóðahættu sem vex með loftslagsbreytingar væri glapræði að tengja hann við Hérað þar sem atvinnuástand er ekki gott.
- Það er búið að vinna mikla undirbúningsvinnu vegna ganga á milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða, nýta þá vinnu áður en farið er í undirbúning fyrir önnur göng. Undirbúningsvinna fyrir önnur göng seinkar bara öllum framkvæmdum því allt þetta kostar pening sem betur væri varið í frmkvæmdir.

- Þessar spurningar er ruglingslegar. Évil Y göngin armurinn til Héraðs er BYGGÐARSJÓNAR-MIÐ.
- Er ástæða til að eyða fé í göng til Seyðisfjarðar?
- Hægt er að hanna jarðganga gerð þannig að bormasksína er notuð. Með að bora gögn í stærð sem hentar aðeins ein stefnu má bora minni göng hraðar í gegn. Þá er borað í gegnum minna berg og borhraði meiri en með gerð tveggja akgreina ganga. Einnig veikt ekki hvelving ganga líkt og gerist þegar borað og sprengt er. Bor kæmi til Seyðisfjarðar og byrjar að bora yfir til Mjóafjarðar, þegar þangað er komið er búið að opna í gegn og keyra í gegn. Síðan haldið áfram yfir til Norðfjarðar. Bor er síðan snúið við og borað til baka til að fá tvo vegi. Þegar snúið er við er kostnaður og tími minni þar sem reynsla er kominn af notkun bors ásamt jarðlögum gangnaleiðar. Einnig er kominn reynsla á notkun þeirra. Þennan bor mæti svo nota áfram í önnur göng. Þannig er sama tækið notað í borun nokkura tugi kílómetra og kostnaður á kílómetur minnkar. Einnig einfaldar þetta hönnun því sama tækið er alltaf notað. Reyndur íslenskur borari fór yfir þessa lausn með manni. Umferð í gegnum sum göng eru þannig að þau ráða alveg við einstefnu til að byrja með. Þetta er líka betra upp á fjármögnun og rekstur því framkvæmd tekur styttri tíma og því má breyta fjármögnun úr verkefni yfir í innviðar lán þegar þau eru komin í notkun og fjármagnskostnaður sparast. Spái mikið í jarðgöng og vildi koma þessu á framfæri.
- Frekjugangur Seyðfirðinga hefur komið bættum samgöngum á Austfjörðum í miklar ógöngur.
- Eftir því sem göng eru lengri þess strangari kröfur þarf út frá öryggissjónarmiðum. Þannig að kostnaðartölur hér að ofan eru ekki réttar. sem virðast miðað við verð pr. lengdareiningu ganga. Fjarðarheiðin er frekar lág heiði, þannig að það mætti lagfæra endana og yfirbyggja veginn. Þar að auki er talað um að fyrirsjáanleg lekavandamálvandamál ef farið yrði í Fjarðarheiðargöng
- Alls ekki ein göng á Seyðisfjörð bara bull.
- Undirbúning strax svo hægt verði að ræsa vélarnar.
- Ekki Fjarðaheiðagöng.Því það gagnast ekki Mjóafirði. Og það lengir leiðina á Fjórðungs-sjúkrahúsið Á Neskaupstað og atvinnusvæði fjarðanna. Takk fyrir.
- Mér fyndist að það ætti að athuga með svokölluð T-göng eða hringtorg í göngum frá Mjóafirði til Neskaupstaðar sem væri þá hægt að tengja við Slenjudal og upp á Hérað.
- Við þessa miklu og kostnaðarsömu framkvæmdir þarf að hafa í huga tækifærin á Austurlandi öllu og gera þetta svæði að einu atvinnusvæði og tryggja sem mestu áhrif fyrir félagslífið. Tryggja að Austurland verði eitt af eftir sóttustu landsvæðum landsins og vaxi og blómstri til framtíðar og þannig fæst eitt Austurlandi með aukna samheldni. Þannig væri vonandi hægt að draga úr hrepparíg.
- Auðvitað verður að kalla saman okkar allra færustu sérfræðinga til þess að taka skýnsamlegustu og endanlega ákvörðun, án pólitískrar afskiptasemi.
- Egillstaðir-mjófjörð Mjoiðfjörður- seydísfjörður Mjoiðfjörður- norðfjörður Er eina framkvæmdin sem myndi gagnas öllum a austurlandi
- Við þurfum hringtengingu. Fjarðarheiðahöng gagnast einungis Seyðfirðingum og þeim örfáu íbúum Múlþings sem þar sækja þangað atvinnu (smyrill line) og jú þeim sem vilja komast í kaffi til foreldra sinna (Eyjólfur læknir). Við verðum að hugsa um heildina allt suður á Breiðdalsvík og losa okkur við tvo fjallvegi í stað eins og nýta þannig fjármuni ríkisins á gáfulegri máta. Gerum Austurland að Svissneskum osti.
- Vill að Austurland verði í forgangi sem sagt fyrsti valkostur.
- Það þarf að leysa allan vanda vegakerfisins á mið austurlandi í einum rikk með minna fjármagni enn þessi Gjarðarheiðgöng myndu kosta.
- Fjarðarheiðargöng fyrst. Svo göng undir Eskifjarðarheiði. Þá eru bæði Fjarðarheiði og Fagridalur úr sögunni. Erfitt að réttlæta jarðgöng í Mjóafjörð.
- drullið Fjarðarheiðagöngum í gang.

- Göng á ekki að bora í andstöðu við þá sem þau eiga að þjóna. Seyðfirðingar hafa komið því skýrt fram að þeir vilja tengjast upp í Hérað og auka þar með samlegð þess að búa í sameinuðu sveitarfélagi. SAS hefur hingað til stutt þessi göng og allir þingmenn kjördæmisins (að undanskildum þingmanni Flokks Fólksins) lýstu stuðningi við að Fjarðarheiðargöng yrðu næst í röðinni. Orð skulu standa.
- Mikilvægast er að tryggja samgöngur á láglendi milli allra staða og tengja Seyðisfjör OG Mjóafjörð við aðalatvinnusvæði Austurlands sem er á fjörðunum.
- Fjarðarheiðar göng eru tilbúinn til útboðs svo að það er verið að teffa allt ferlið svo að þessi aumingja ríkisstjórn þurfi ekki að gera neitt í innviðaskuldum með því að ætla að fara í göng frá Seyðis-mjóí-norðff er verið að seinka öllum framkændum á austurlandi um 15-20 ár.
- Mér finnst mjög skrítið að setja fram svona könnun þar sem búið er að samþykja það að Fjarðarheiðargöng eru næst á plani bæði hjá samtökum sveitarfélaga á austurlandi og einnig er búið að samþykja það á alþingi árið 2020. Annarsstaðar á landinu virðist mest vera horft á öryggisþáttinn þegar kemur að forgangsroðun gangna en ekki á seyðisfirði, afhverju? afhverju er samfélagsáhati talinn mikilvægari þáttur þegar kemur að þessum göngum heldur en öryggisþátturinn?? í fannardal í norðfirði er mjög oft snjóflóðahætta og því er sá kostur ekki betri umfram fjarðarheiðargöng ef litið er til öryggisatriða. Einnig þykir mér skrítnast að núna eigi bara að horfa til þess að gera göng sem nýtist flestum en oft er alveg litið framhjá því að egilsstaðir er fjölmennasti þéttbýlisstaður austurlands og samgöngur á milli sey og egs eru miklar, en þar fyrir utan þá skil ég ekki þau rök þar sem ég get ekki séð að fljótagöng fyrir norðan "nýtist sem flestum" og ekki var litið til þess þáttar þegar norðfjarðargöngin voru gerð.
- Hringtenging næst ekki með Fjarðargöngum. Hingað til hafa göng verið gerð í tengslym við sameiningar sveitarfélaga, sbr Norðfjarðargöng, Fáskrúðsfjarðargöng - tvenn nýleg jarðgöng sem hafa tengt samab byggðir í Fjarðabyggð. Seyðisfjörður er ekki hluti af Fjarðabyggð og þar af leiðandi ekki fyrst á lista að tengja Seyðisfjörð við Norðfjörð og Mjóafjörð. Seyðisfjörður tilheyrir Múlaþingi og því er eina rökrétta í stöðunni að tengja göng á milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða. Gleysmum ekki að Seyðisfjörður er önnur stærsta gátt ferðamanna inn í landið og Fjarðarheiði stendur í vegi fyrir frekar heilsárs uppbyggingu þar.
- Fjarðarheiðargöng eiga vera nr 1 allt annað eru svik. Algjört rugl að fara með jarðgöng í Slenjudal vegna vandra veðurskilyrða. Þórdalsheiðargöng eiga að koma inn og gera Öxi að þjóðvegi 1
- Fjarðargöng milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar gagnast Austurlandi litið sem ekkert sama hvað einhverjir sérfræðingar segja því þeir virðast ekki gera sér grein fyrir því að samgangur á milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar er litill sem enginn og hvorki Norðfirðingar né Seyðfirðingar græða nokkurn skapaðan hlut á þessu þar af leiðandi er þetta eingöngu til að losa Mjóafirðinga undan vetrar einangrun, eiga þau vissulega rétt á góðum samgöngum en mér finnst tvenn göng fyrir 11 manns vera heldur vel í lagt
- Já. Auðvitað eru öll göng góð. Þess vegna svara ég síðustu spurningunni þó ég óttist að svör við henni verði blásin upp og mistúlkuð. En Austurland þarf raunverulega hringtengingu, ekki þessa sem talað er um í dag og felur í sér bæði Fjarðarheiðina og Fagradalinn. Þó mis-mikið sé, þá eru þetta bæði farartálmar.
- Austurland er framleiðslu hagkerfi, þar sem fjögur fyrirtæki eru áberandi stærst (SVN, Eskja, Farðaál og LVF), þessi fyrirtæki eru með yfir 20% af vöruútflutningi landsins. Það er þjóðhagslega mikill hagur af því að tengja þessi fyrirtæki við flugvöll á Egilsstöðum og byggðina þar. Mestur ávinningur fyrir þjóðarbúið er að tengja með láglendisvegi þar á milli.
- Það á að gera tengigöng úr Fjarðarheiðargöngum til Mjóafjarðar
- Lónsheiði, undir Beruffjörð, undir Öxi, undir Vatnsskarð eystra
- Til að stytta vegalengdir og bæta vetrarsamgöngur á Austurlandi á að byrja strax á Fjarðarheiðargöngum og fara síðan undir Eskifjarðarheiði. Þá þarf hvorki að halda Fjarðarheiði né Fagradal opnum yfir vetrarmánuðina. Síðan mætti huga að Mjóafjarðargöngum.

- Ég vil að hætt verði við vegagerð á Öxi, en hafinn verði undirbúningur á gangnagerð gegnum Breiðdalsheiði og og milli Berufjarðarbotns og Breiðdals. Vegna þess að innan 10 ára yrði farið að heimta þessi jarðgöng af þeim sem nú heimta nýjan Axarveg.
- Byrja á Norfirði.. áfram norður og svo Sey Egs
- Mitt mat er að hringtengingin sem fæst með Fjarðagöngum verði mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf á svæðinu, ekki eingöngu á Seyðisfirði heldur einnig í Neskaupsstað, á Eskifirði og á Reyðarfirði. Þá er ég ekki síst að horfa til ferðaþjónustu því með þessu verða allir bæirnir í alfaraleið, ólíkt því sem er í dag. Ef Fjarðarheiðargöng verða fyrst í röðinni þá efa ég að Fjarðagöngin verði nokkurn tímann að veruleika og þar með er þessi hringtenging úr sögunni.
- Hugmynd sem sett var fram 1987 og kölluð Samgöng leysir byggða og samgöngu vanda Austfirðinga og Héraðs segi ekki endanlega en með afgerandi hætti svo um munar
- Ég vil Fjarðarheiðargöng í forgang þess vegna svaraði ég því að vera andvíg því að göng á Mið-Austurlandi væru á eftir Fljótagöngum. Ég vil fá göng í gegnum Fjarðarheiði fram yfir öll önnur göng líkt og er í núgildandi samgönguáætlun.
- Það eru ein göng klára í framkvæmd á Austurlandi og við þurfum ekki að undirbúa önnur. Breytingar á skipulagi Múlaþings verð ekki unnin fyrr en byrjað verður á Fjarðarheiðargöngum
- Byrja sem fyrst
- Miklu skiptir að tengja sem fyrst saman miðsvæði Austfjarða og Hérað. Flutningur sjávarafurða, aukin ferðamennska, tenging við Umdæmissjúkrahúsið og tenging við flugvöll.
- Ég hef s.l. 20 ár sem liðin eru frá framkvæmdum við aðveitugöng Fljótsdalsvirkjunar verið eindreginn þeirrar skoðuna að kanna beri vel hvort ekki henti að heilbora það sem eftir stendur af "Samgöng" Austurlands. Hef þá einnig í seinni tíð, þar sem þjóðhagslegir annmarkar virðast á gerð Fjarðarheiðarganga, orðið þeirrar skoðunar að heilbora eigi frá Eyvindarárdal (þar höfum við rafmagnið) til Mjóafjarðar og síðan þaðan til Fannardals og síðast Seyðisfjarðargöng - verktími mögulega aðeins 1,7 - 3,7 ár. Slenjudalsgöngin yrðu gerð fær til umferðar sem þjónustugöng til að byrja með meðan næsti leggur yrði boraður: áhersla yrði þannig á fullnaðar frágang fyrst í Mjóafjarðargöngunum síðan í Seyðisfjarðargöngunum og loks Slenjudalsgöngunum
- Huga að göngum frá Fáskrúðsfirði til Breiðdals, og spara þar með nauðsinlega uppbyggingu suðurffjarðarvegur
- Gangnatenging við Hérðaðið er nauðsynleg í öllum valkostum
- List betur á göng undir Eskifjarðarheiði (Tungufell) en göng undir Slenjudal.
- Er raunverulega svo mikil þörf á að setja Fljótagöng í forgang umfram gangagerð á miðausturlandi? Ef núverandi vegur milli Fljóta og Sigluffjarðar yrði óökufær áður en gerð Fjarðarganga lyki er þó alltaf tenging í gegnum Dalvík til hvors tveggja Akureyrar og Reykjavíkur. Hefur annars yfirleitt farið fram talning á því hvernig hlutfallslegur umferðarþungi skiptist milli Sigluffjarðar - vestur og Sigluffjarðar - austur? Er austurleiðin kannski talsvert mikilvægari en vesturleiðin? Altså fyrst Fjarðagöng, þá mögulega Fljótagöng og svo Slenjudals- (eða Eskifjarðar-?) göng. Muna: Seyðisfirðingar hafa tengingu um Fjarðarheiði alla daga ársins, mínus ca 17. Því á samtenging allra Austfjarðarsamfélaganna að vera í forgangi, algjör lyftistöng á atvinnu- og félagslíf.
- Slenjudalsgöng eru mun verri kostur heldur en Fjarðarheiðargöng vegna snjóþýngsla og verri vetrarveðra báðumeginn við göngin. (Í Fjarðardal og Eyvindarárdal).
- Jarðgöng verða að tengja betur saman samfélög og tryggja að þau séu ekki endastöðvar. Hringtenging tryggir arðbærari flutninga, samnýtingu þjónustu milli staða og auðveldar atvinnusókn milli þéttbýlisstaða Austurlands. Tryggjum framþróun en ekki stöðnun.
- Stjórnvöld eiga að standa við gefin loforð og hætta að taka af fyrirsjáanaleika sveitarfélaga eins og t.d Múlaþings með því að breyta áherslum með kjördæmapoti. Þessi vinnubrögð stjórnvalda eru til skammar og algjör svik við kjósendur.

- Það væri áhugavert að skoða jarðgangnakostinn undir eskifjarðaheiði til héraðs. En ekki fyrir en eftir gerð fjarðagangna
- Halda sig við skoðun Einars Þorvaðarsonar um göng á Mið austurlandi
- Byrjið á Fjarðaheiðargöngum strax
- Næstu göng á Austurlandi skulu vera hugsuð fyrir austfirðinga og umferð sem koma þeim við
- Fjarðarheiðarheiðargöng var loforð við sameiningu sveitarfélaga þegar Múlaþing varð til. Það á að standa við gefin loforð, það er ljótt að plata. Atvinna, íþróttir, menning o.fl.. Þetta sækja nú þegar Seyðfirðingar til Egilsstaða og Héraðsmenn til Seyðisfjarðar. Hver eru rökin fyrir því að rjúfa þetta og vísa Seyðfirðingum úr sínu sveitarfélagi í Fjarðabyggð. Að ætla að vísa Seyðfirðingum um Norðfjörð og Fagradal til að komast á flugvöllinn á Egilsstöðum, og sína sveitastjórnarskrifstofu á Egilsstöðum, öflugasta þjónustukjarna á Austurlandi á Egilsstöðum, íþróttir o.fl. Hver eru rökin? Í tengslum við ferjuna hefur verið byggð upp ýmis konar þjónustustarfsemi á Héraði. Það hefur enginn heimild til þess að valda stórskaða á þessari starfsemi á Héraði og stuðla að flutningi starfseminnar í Fjarðabyggð. Fjarðagöng sem fyrsti jarðgangnakostur á Mið-Austurlandi er illvirki gagnvart Múlaþingi og ætti ekki að vera valkostur.
- Fjarðarheiðagöng eiga að vera næst þar er búið að vinna undirbúningsvinnu
- Höfuðborgarsvæðið hefur verið vanfjármagnað allt allt of lengi.
- Fjarðaheiðargöng í forgang síðan yfir í Mjóafjörð og yfir í Fannardal.
- Birja á Fjarðarheiðagaungum strax.
- Standa við gangverð sem lofað var við sameiningu
- Það þarf að byrja á fjarðarheiðagöngum sem fyrst!
- Nei
- Draumurinn er að hafa jarðgöng á milli allra fjarða og sleppa að keyra alla hlykkjóttu vegina og vegina um allar skriðurnar
- Kostnaðar áætlan fjarðarheiðargöng er of lág og númer 1 hring tengja austurland fjarða-göng og svo göng til héraðs losna við 3 fjallvegi að mestu
- Öll önnur göng á landinu eru metin út frá öryggis atriðum, nema göng til og frá Seyðisfirði. Forsendur sem notaðar eru til þess að reikna út arðsemi gangna á Íslandi, samkvæmt nýj-ustu skýrslu RHA eru ekki sambærilegar milli gangna kosta og standast ekki skoðun, saman-ber samantekt Garðars og Jóns í samráðsgætt.
- Byrja á Fjarðarheiðargöngum og göng undir Eskifjarðarheiði samhliða eða í framhaldi til að losna við Fagradal
- Orð skulu standa.
- Leggja áherslu á þennan kost sem ég nefndi og sleppa alveg heilsárshús um Öxi. Leggja áherslu á suðurffjarðarveg
- Ég styð jarðgangagerð á Austurlandi. Fjarðarheiðargöng fyrst og svo beint í Mjóafjarðargöng. Keyrum nú vélarnar í gang. Byrjum á þessu kjörtímabili!
- Göng þurfa að borga sig. Göng þurfa að vera þannig að sem flestir velji að aka um þau.
- Vopnaðsfjörður er í þörf fyrir jarðgöng til Egilsstaða til að rjúfa einangrun og gera austurland að einu atvinnusvæði. Leiðin til Egilsstaða er í 400 til 600 metra hæð yfir sjávarmáli og er oft ófær og mikil fyrir staða
- Göng undir berufjarðarskarð og nota breiðdalsheiði í nokkur ár þar til næsta ákvörðun verður tekin því það eru fleiti kostir í stöðunni svo sem breiðdalsvík stöðvarfjarðarbotn og svo þaðan yfir í fáskrúðsfjörð þá má sleppa lagningu nýrra vega um stöðvarfj og fáskrúðsfjörð


- Ráðast á strax í Fjarðarheiðargöng, enda eru þau fullhönnuð og væri hægt að bjóða út á morgun. Réttmætar væntingar íbúa í Múlaþingi hafa verið til þess að þau yrðu næstu göng. Dagleg þjónusta íbúa Seyðisfjarðar er á Egilsstöðum. Börn fara í íþróttaiðkun og unglingar í menntaskóla. Heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta, verslun, bifreiðaverkstæði og svo frv. er á Egilsstöðum. Það að foreldrar fari með börn sín daglega yfir Fjarðarheiði þar sem ekið er í yfir 600 metra hæð í 10 kílómetra í ýmiskonar þjónustu er ekki boðlegt. Ferðamenn sækja mjög á Seyðisfjörð og það skapar hættu fyrir alla sem leið eiga yfir Heiði eins og banaslys á haustdögum bar vitni um. Ferðamenn kunna ekki að aka á svo hættluegum vegi í vetrarfarð. Bratti og erfiðar beygjur eru báðu megin. Atvinnusókn er einnig mikil yfir heiðina í báðar áttir. Múlaþing hefur þróast sem eitt atvinnusvæði vegna þess að treyst var á áætlanir stjórnvalda og Alþingis. Það er hlægilegt að sem ráðherra er endalaust að tuða um að stærsti vinnustaðurinn sé á Reyðarfirði. Það eru örfáir Seyðfirðingar sem starfa á Reyðarfirði og það mun ekki breytast þó að leiðin styttist um örfáa kílómetra. Frá 1. mars hafa verið 21 lokunardagur. Það er fullkomlega galið að ætlast til að Seyðfirðingar keyri einhvern hring hér á Austurlandi til að ná í þjónustu innan sveitarfélagsins. Ennþá er ótalið tap þeirra sem stunda hér ferðaþjónustu. Að síðustu vil ég nefna fragtflutninga í Norrænu og þá ferðamenn sem koma með henni. Þetta er hrikalegt ástand, en allir hafa beðið þolinmóðir af því að næstu göng áttu að verða Fjarðarheiðagöng. Skömmín er ríkisstjórnarinnar, að leyfa sér slík og því-lík vinnubrögð. Klýfur samstöðu og sóar því fé sem farið hefur í undirbúning bæði hjá ríki og sveitarfélögum.
- Fjarðagöng myndu flýta fyrir sameiningu Austurlandi í eitt sveitarfélag. En annar kostur seinkar því um 40 til 50 ár.
- Ég tel að Fjarðagöng með Slenjudalsgöng séu bestí kosturinn fyrir Austurland allt, fæddur og uppallinn austfirðingur sem ég er.
- Göng undir Lónsheiði í forgangi
- Hafa ber í huga hvað Fagridalur er hár og oft illfær eða ófær. Einnig hve hátt uppi ganga-mynni yrðu í Mjóafirði og Slenjudal.
- Hefði viljað sjá Fjarðabyggð auk Slenjudalsganga.
- Ég tel að það þurfi að fara að huga að Lónsheiðargöngum
- Við þurfum öll að vinna saman að hagsmunum heildarinnar!! Muna líka að það er mikil-vægt að tengja Neskaupstað og Egilsstaði. Sjúkrahúsið og flugvöllinn.
- Í umræðum og ákvörðunum varðandi jarðgangamál á Austurlandi er horft til alls of stutts tíma og á of þrönga hagsmuni og þá er átt við hve gífurlega miklir þjóðhagslegir hagsmunir eru af því að byggja upp vandaða innviði á miðausturlandi þannig að svæðið geti tekið við sem öflugt vaxtarsvæði þegar og ef önnur landssvæði spillast t.d. vegna eldgosa eða annarra orsaka sem hindra hagkvæman vöxt. Nýtt öflugt vaxtarsvæði er einnig ein mikilvægasta leið-in til að styrkja samkeppnishæfni landsins m.a. varðandi íbúaþróun og fjárfestingar.
- Fjarðagöng eru á allavegu bestí kosturinn og það getur hver sem er séð sem opnar augun hlutlaust. Fjarðagöng tengja ALLA þéttbýliskjarna austurlands betur saman. Egilsstaða bú-ar sem og Seyðfirðingar hagnast hvað mest á Fjarðagöngum þar sem LANG mesa atvinna og atvinnu uppbygging er í Fjarðabyggð á Austurlandi. Fjarðarheiði er oft lokuð en það er Fagridalur líka - til að tryggja atvinnu og öryggi íbúa ALLRA er nauðsynlegt að tengja Fjarða-byggð og múlaþing. Það væru gríðarlega stór mistök að byrja á Fjarðarheiða göngum sem þjóna nokkur hundruð manns (Seyðfirðingum) í stað Fjarðaganga sem þjóna mörg þúsund manns og tryggja örugga leið á sjúkrahúsið í Neskaupstað allan ársins hring.
- Hlusta þarf á íbúa Múlaþings og setja Fjarðarheiðargöng í forgang
- Það er mart fólk sem vinnur neður á fjörðum og faradalur er mekill faratálmur göng milli egilstaða og fjarða eru því mikklur þíðinga meiri en fjarðarheiða göng sem þjóna örfáum
- Bara að það verði gerð sem flest göng. Þyrfti að gera heildstæða áætlun sem stenst fyrir allt landið.

- Það þarf bara jarðgöng strax. Þar sem Fjarðarheiðargöng er tilbúin væri líklega gott að byrja þar og síðan Fjarðagöngin. Slenjudalur gefur ekki kost á að vera með í atvinnuuppbygging niður á fjörðum
- Mér er ekki alveg ljóst hvort hægt er að skilgreina leiðina um Slenjudalsgöng sem láglandis-leið? Ef svo er ekki þá tel ég Fjarðarheiðargöng tvímælalaust eiga að vera í algerum forgangi.
- Það er nægur tími til að hefja undirbúning að Fjarðagöngum þegar framkvæmdir við Fjarðarheiðargöng eru komin af stað. Varðandi jarðgangnagerð getum við horft til Færeyyja. Svo er það athugasemd við kostnaðaráætlun. Það er út í hött að vera með virðisaukaskatt inni í kostnaðaráætlun, þetta eru peningar sem fara úr einum vasanum í annan hjá Ríkissjóði, og þar af leiðandi hæpið að reikna það inn í kostnað.
- Farðarheiðargöng eru tilbúin. Byrja á þeim og halda svo áfram á nesk og klára hringtengingu til esk. Mjóifjörður - fagridalur er galið, löng göng og veðravíti í fannardal. Ennþá oft ófært
- Seyðisfjörður þarf að vera næstur í gangnagerð ekki hægt að hafa eina veginn inn í bæinn meira og minna lokaðan yfir veturinn. Það er þvilk áhætta og er verið að leggja líf fólks að veði með þessum breytingum á samgönguáætlun. Það sem þarf að gerast er á næstu örfáum árum er að tryggja austfirðingum greiða aksturleið að fjórðungssjúkrahúsi okkar sem er staðsett á Norðfirði að einhverri ástæðu. Á meðan þannig er þarf að fara fyrst í Fjarðarheiðargöng og svo skoða Fjarðargöngin.
- Horfið á öll göngin í einu og hamrið á þeim fá eitt útboð fá ein stóran verktaka sem gæti jafnvel borað eða sprengt í öllum göngum í einu (sjá kárahnúkavirkjun miklu miklu lengri göng en þessi og tók 2 ár að bora
- Sameinast um milli fjarða og slenjudalsgöng
- Algerlega út í hött annað en að gera göng undir öxi á eftir fjarðagöngum.
- Egilsstaðir/ Seyðisfjörður beint í gegn strax
- Peningum skattborgara er betur varið að gerð séu fleiri stutt og styttri göng, sem bæta vegakerfið meira en ein ofurdýr löng göng undir fjall sem ekki hefur verið rannsakað til fulls og lýkur eru á að sé vafasamt til jarðgangagerðar.
- Fjarðarins ættu að vera í fyrsta sæti á undan Flótagöngum, og svo ætti strax að fara að huga að Lónsheiðinni áður en vegurinn um Þvottárskeiðið poppara endanlega
- Fjarðarheiðargöng voru á undan Fljótagöngum skv samgönguáætlun. Þau voru tilbúin á teikniborðinu og búið að skipuleggja og vona í takt við það. Takk Samfylking, Viðreisn og Flokkur fólksins fyrir ekkert!
- Fjarðarheiðargöng í forgang
- Ekki gera veg yfir Öxi (er bara önnur fjarðarheiði með ruglini færðmog viðhaldi)..styttnum veginn með ströndinni með göngum til að na styttingu
- Því fl firðir sem verða samtengdir og við hérað því betra
- Þurfum göng strax til að hafa samgöngur í lagi og að stuðla að því að útlendingar og fleiri geti nýtt sér að koma með norrænu og ferðast um landið okkar fallega
- Þar sem undirbúnings vinnu fyrir Fjarðarheiðargöng er lokið væri hagstæðast að byrja á þeim.
- Fá veg yfir Öxi og gögn undir Lónsheiði, takk.
- Jarðgöng og vegir þurfa að tengja sem flestar byggðir, eyða einangrun og hættulegum leiðum fyrir sem hagstæðustu fjarfestingu
- Ekkert frekar
- Göng undir Berufjarðarskarð og Breiðdalsheiði til að losna við veg yfir Öxi.
- Nei
- Orð stjórnvalda skulu standa, folk þarf að geta treyst því að því sé ekki breytt eftir veðri og vindum á 4 ára fresti

Veggjöld, innviðafélag og sameining sveitarfélaga

Spurning 7. Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ertu því að vegfarendum (á fólksbíl) verði gert að greiða veggjöld (kr. 500-2.500) fyrir hverja ferð í væntanlegum nýjum göngum eftir fjölda ferða) til að styðja við fjármögnun og mögulega flýta gerð nýrra ganga á Austfjörðum?

Dreifing svara eftir búsetu og fyrir öll (útilokað: „Veit ekki / vil ekki svara“).




Tölur á mynd eru hundraðshlutar. Tölur undir 5 birtast ekki inni í súlum. Fjöldi sem svaraði "Veit ekki / vil ekki svara": 5.

Svar	Konur	Karlar	Öll
Mjög andvíg	12%	9%	10%
Frekar andvíg	13%	6%	8%
Hvorki né	19%	19%	19%
Frekar hlynnt	30%	34%	33%
Mjög hlynnt	26%	32%	30%
n	132	311	443

Meirihluti þátttakenda er hlynntur því að innheimt verði veggjöld til að styðja fjármögnun og mögulega flýta gerð nýrra ganga (63% hlynnt, 18% andvíg). Ólíkt forgangsroðuninni er afstaðan jákvæð í öllum búsetuhópum, þótt hún sé heldur hófstílltari á Austfjörðum.

Spurning 8. Hversu andvíg(ur) hlynnt(ur) ertu stofnun sérstaks innviðafélags sem sjá mun um gerð og rekstur jarðganga á Íslandi og eftir atvikum annarra samgöngumannvirkja og annast innheimtu gjalda fyrir notkun þeirra?

Dreifing svara eftir búsetu og fyrir öll (útilokað: „Veit ekki / vil ekki svara“).




Tölur á mynd eru hundraðshlutar. Tölur undir 5 birtast ekki inni í súlum. Fjöldi sem svaraði "Veit ekki / vil ekki svara": 20.

Svar	Konur	Karlar	Öll
Mjög andvíg	11%	10%	11%
Frekar andvíg	8%	8%	8%
Hvorki né	26%	20%	21%
Frekar hlynnt	33%	29%	30%
Mjög hlynnt	22%	33%	30%
n	123	305	428

Stuðningur við stofnun sérstaks innviðafélags um fjármögnun og rekstur ganganna er álíka breiður (60% hlynnt, 18% andvíg) og er jákvæður þvert á búsetu. Veggjöld og innviðafélag eru þannig meðal fárra atriða í könnuninni þar sem breið samstaða ríkir milli svæða.

Spurning 9. Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú sameiningu sveitarfélaganna þriggja á Mið-Austurlandi (Fjarðabyggðar, Múlaþings og Fljótsdalshrepps) í eitt sveitarfélag ef hafist verður handa við gerð einhverra þeirra ganga sem hér um ræðir?

Dreifing svara eftir búsetu og fyrir öll (útilokað: „Veit ekki / vil ekki svara“).




Tölur á mynd eru hundraðshlutar. Fjöldi sem svaraði "Veit ekki / vil ekki svara": 25.

Svar	Konur	Karlar	Öll
Mjög andvíg	35%	20%	25%
Frekar andvíg	16%	14%	14%
Hvorki né	27%	19%	22%
Frekar hlynnt	11%	20%	17%
Mjög hlynnt	12%	27%	22%
n	129	294	423

Afstaða til sameiningar sveitarfélaganna þriggja skiptir svarendum nánast til helminga (39% hlynnt, 39% andvíg). Íbúar á svæðinu sjálfu eru heldur andvígari sameiningu en þátttakendur utan þess.

Spurning 10. Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú sameiningu allra sveitarfélaganna fjögurra á Austurlandi (Fjarðabyggðar, Múlaþings, Fljótsdalshrepps og Vopnafjarðarhrepps) í eitt sveitarfélag ef hafist verður handa við gerð einhverra þeirra ganga sem hér um ræðir?

Dreifing svara eftir búsetu og fyrir öll (útilokað: „Veit ekki / vil ekki svara“).



Tölur á mynd eru hundraðshlutar. Fjöldi sem svaraði "Veit ekki / vil ekki svara": 27.

Svar	Konur	Karlar	Öll
Mjög andvíg	32%	21%	24%
Frekar andvíg	16%	15%	15%
Hvorki né	32%	26%	28%
Frekar hlynnt	8%	17%	14%
Mjög hlynnt	12%	21%	18%
n	127	294	421

Sameiningu sveitarfélaganna fjögurra eru heldur fleiri andvígir en hlynntir (40% andvíg, 32% hlynnt). Andstaðan er mest á Austfjörðum, en þátttakendur utan svæðisins eru hófstíltari og fremur jákvæðir.

Samantekt

Helstu niðurstöður könnunarinnar má draga saman á eftirfarandi hátt.

Afstaða til forgangsröðunar ræðst af búsetu. Skýrasta mynstur könnunarinnar er hve afstaða til valkosta fer eftir því hvar fólk býr. Íbúar Seyðisfjarðar og Múlaþings telja Fjarðarheiðargöng (V1) hyggilegasta fyrsta kost, um fjórir af hverjum fimm, en íbúar á Austfjörðum Fjarðaleið (V3). Munurinn er skarpastur við spurningunni um hvort setja eigi Fjarðaleið fremst og fresta Fjarðarheiðargöngum: íbúar Seyðisfjarðar og Múlaþings eru nær einróma andvígir en Austfirðingar nær einróma hlynntir. Heildarsvör við þessum spurningum endurspeglar því samsetningu svarenda-hópsins fremur en almenna afstöðu.

Breið samstaða um veggjöld og innviðafélag. Ólíkt forgangsröðuninni ríkir breið samstaða um tvennt: meirihluti er hlynntur veggjöldum til að styðja fjármögnun nýrra ganga (63%) og stofnun innviðafélags (60%), og sú afstaða er jákvæð í öllum búsetuhópum.

Sameining sveitarfélaga klýfur. Afstaða til sameiningar sveitarfélaga er skiptari. Sameining þriggja sveitarfélaga skiptir svarendum í tvær nær jafnstórar fylkingar, og sameiningu fjögurra sveitarfélaga eru heldur fleiri andvígir en hlynntir, einkum á Austfjörðum.

Rétt er að ítreka að úrtakið er sjálfvalið og að niðurstöður lýsa afstöðu þeirra sem svöruðu en eru ekki alhæfanlegar yfir á alla íbúa svæðisins.

Opnar lokaathugasemdir

Í lok könnunarinnar gafst þátttakendum kostur á að koma athugasemdum og/eða ábendingum á framfæri. Öll svör eru birt orðrétt (n = 60).

- Bara hafa efnið eins einfalt fyrir fólk eins og kostur er.
- Þetta er gott framtak og ég óska Samgöngufélaginu allra heilla. Þegar samanburðarúttektir eru gerðar af þriðja aðila eins og t.s. Háskólanum á Akureyri þarf að vera opið fyrir innsendingu á athugasemdum frá Almennungi áður en endanleg skýrsla er skrifuð.
- Það ætti ekki að tala um sameingu svona stóra sveitarfélaga í könnun um vega mál öll þessi sveitarfélög þurfa að vera sér eingar sem geta brugðist við þeim vandamálum sem koma upp í hverju sveitarfélagi fyrir sig mér finnst í raun og veru að það ætti að fjölga sveitarfélögum á austur landi
- Ég held að við verðum eitt samfélag áður en við vitum af sko sveitafélögin hér á austurlandi
- Það er mesti ábatinn af upphaflegri áætlun sem sátt var um meðal allra í SSA. Svokölluð samgöng. Allar rannsóknir og skýrslur sem gerðar hafa gefa þá niðurstöðu.
- Fjarðarheiðargöng mundu aðeins verða notuð í neyð, alir færu yfir Heiðina ef þess væri nokkur kostur. Sjá reynsluna af Vaðlaheiði þar sem vegurinn um Víkurskarð er þó nokkuð lengri.
- VANTAR VALKOSTINN: Fjarðarheiðargöng fyrst og um leið yrði farið í undirbúning frá Seyðisfirði yfir í Mjóifjörður og síðan í Norðfjörð = Hringtenging
- Það er ekki nauðsynlegt að sameina sveitarfélög þó grafa eigi göng á milli þeirra.
- Þetta er of tyrfin könnun. Það er verðmætara fyrir samfélagið að laga Suðurffjarðaveg, brú yfir Beruffjörð, göng undir Lónsheiði. Og túristar réttlæta ekki val á forgangi í vegagerð.
- Nei
- Vönduð könnun
- Fjarðagöng næst á eftir Fljótagöngum.
- 1Seiðisfj Mjóifj Slenjud 2Mjóifj Fannard
- Það er mikilvægt að leggja meiri vinnu í að greina hvað íbúar Austurlands vilja og sleppa póltíkinni. Stefnumótun til næstu tíu ára fyrir Austurland í heild sinni er mikilvæg og sleppa hrepparígunum.
- Mjög þörf
- Mjög fagmannleg framsetning
- Hér er augljóslega verið að reyna að stýra niðurstöðum í átt frá einum kosti og að öðrum. Það ætti ekki að dyljast neinum sem svarar þessari könnun hver skoðun þeirra er, sem að könnuninni standa. Álíka marktæk könnun og könnun um fylgi stjórnmálaflokka sem framkvæmd er af einum þeirra flokka
- sé ekki alveg hvað sameining fleiri sveitarfélaga ætti að gera til þess að flýta fyrir gerð gangna fyrst sameiningin í sveitafélagið múlaping dugði ekki til þess að ráðist væri í fjarðarheiðargöng.
- Fjarðarheiðargöng eru næstu göng á Íslandi
- Ef ekki á að fara eftir samþykktum alþýngis,er best að leysa það upp og nota þá peninga sem sparast til að bæta heilbrigðis kerfið.
- Ég tel spurningarnar gildishlaðnar, en samt tók ég þátt. Finnst þær halla undir fyrirframgefna skoðun.
- Forsendur ganga milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hafa lítinn áhuga íbúa og þjóna litlum tilgangi
- Mjög hlutdræg þar sem það er fyrirfram gefið að Fljótagöng séu fyrst þar sem ekki er búið að samþykkja nýja samgönguáætlun.
- Það vantar líka umfjöllun um aðrar umferðar og vegabætur á miðausturlandi. þar á ég við vegagerð í Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði.

- Ég er mjög ánægð að þessi könnun er komin fram. Ég velti samt fyrir mér hvort hægt sé að gera hringtorg undir Mjóafarheiði sem mindi tengja saman, Seyðisfjörður, -Mjóaf, Egilsstaðir Og Fjarðabyggð og hvað slík framkvæmd myndi kosta.
- Mér finnst gömlu samgangna hugmyndinni ekki gert nógu hátt undir höfði yfirburða framkvæmd fyrir nánast allt Austurland ekki sízt Seyðisfjörður
- Samgöngufélaginu mistekst með þessari könnun að ná fram samanburði á viðhorfi til þeirra valkosta sem hér hafa á undanförunum áragtugum helst talist koma til greina: Fjarðarheiðargöng + Fjarðagöng annars vegar og Fjarðagöng með Slenjudalsgöngum hins vegar. Könnunin er að mínu mati afvegaleiðandi og því óheppileg til að ná fram niðurstöðu um það sem er í dag og verið hefur mikilvægasta hagsmunamál Austurlands, íbúa þar svo og þjóðhagslega.
- Held að allt hafi þegar komið fram. Og þó: Það verður að hætta þessari hræðslu við að setja gjaldskyldu á mjög þarfar vegaframkvæmdir, s.s. umrædd göng, Sundabraut og Ölfusárbrú, jafnvel tvöföldun þjóðvega að auki. Þetta er alrangur hugsunarháttur þegar sýna má auðveldlega fram á að slíkar vegafremkvæmdir (geta) beilínis spara(ð) peninga með minni notkun orkumiðla og tímasparnaði, burt séð frá auknum þægindum og auknu öryggi. Samgöngufélagið: Flott framtak!
- Góð könnun, og virðist hlutlaus.
- Eftir Fjarðarheiðargöng ætti að fara í göng undir Hellisheið Eystri svo Vopnaffjörður hluti af Austurlandi. Það má alveg opna frá Mjóa yfir í Fannardal. Varðandi sameiningu sveitarfélaga austurlands vil ég alls ekki sjá. Það virðist allt í volli í Fb og engin sameiningarhugur í t.d. Norðfirðingum. Telja sig ekki hluta að Fb nema þegar þeim hentar...alveg galið. Að sameinast svona sundurleitu sveitarfélaga er rugl. Fyrst þarf Fb að sameinast
- Vantar að hafa kostnaðarminni valkosti t.d. Frá Norfirði undir Miðstrandarskarð, frá Mjóafirði yfir í Austdal
- Gott framtak.
- Vísa til athugasemdar við 5. lið. Fjarðagöng sem fyrsti jarðgangnakostur á Mið-Austurlandi veldur svo miklum skaða á öllu mannlífi á Seyðisfirði og Fljótshálfshéraði, í Múlaþingi öllu að einhver önnur ímynduð góð samfélagsáhrif verða alltaf aðeins brot af þeim skaða sem þetta veldur.
- Búinn að romsa út úr mér í spurningu 4 taka þetta út frá abyrgð og hagkvæmni fyrir atvinnulíf á austurlandi sjávarútveg, eldi, áliðnað, ferðamennsku um ALLT austurland (ekki bara 10%).
- Skil ekki af hverju spurt er sérstakega hvaða valkost ég vel ef Fjarðagöng yrðu nr. 1. Hví ekki spurt hvaða valkost ég teldi vera næst á eftir Fjarðarheiðargöngum.
- Algjör nauðsin er að á eftir fyrstu göngum verði haldið áfram og hringtengingin kláruð, helst að enda frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar og þaðan til Eskifjarðar vegna öryggis vegna snjóflóða-hættu og einnig vegna atvinnusvæðisins
- Mætti alveg skoða kostnað við göng undir Eskifjarðarheiði og svo er auðvitað nauðsyngt að fá göng undir Lónsheiðina
- Verður vonandi til þess að fólk átti sig á því ord skulu standa
- Flott könnun.
- Ekkert sérstakt en ég tel að Seyðfirðingar þurfi að fá lausn sinna mála sem allra fyrst. Ef við viljum að byggð leggist ekki af á minni stöðum
- Nei
- Þrenn göng strax Kv úr breiðdal
- Mér finnst spurningar um sameiningu sveitarfélaga sérkennilegar. Það er alþekkt að loforð um samgöngubætur hafa aldrei verið efnd við sameiningu sveitarfélaga. Nýjast er loforð um Fjarðarheiðargöng og veg um Öxi þegar sameining sveitarfélaga varð að Múlaþingi.
- Myndböndin sem sýna hvernig göngin yrðu, eru alls ekki rétt og hreinlega villandi.
- Finnst að það hefði mátt vanda betur til verka varðandi spurningarnar.
- Bara byrja sem fyrst á þessu öllu saman

- Nauðsynlegt er að huga að hag austurlands í heild sinni, tengja atvinnusævæði, menntun og heilbrigðisþjónustu.
- Fyrsta spurningin er að mínu mati röng, það er ekki búið að breyta samgönguáætlun enn.
- Vissulega ættu gatnamótin Seyðisfjörður, Fjarðadalshéiði og Sýðisfjarðargöng að leiða þig beint í göngin og þurfa að beygja til að fara upp á heiði en ekki öfugt.
- Hætta að rifast og fara að byrja að vinna þetta saman
- Það er svo bráðnauðsynlegt að bæta samgöngur Seyðfirðinga innan síns sveitarfélags að það verður að vera í algerum forgangi.
- Þessi þrívíddarfrámsetning sést ekki og spurniganar eru mjög þvælukendar þar sem þi búið tileinhver nöfn sem engin kannast við eisog fjarðargöng slengjugöng og fjarðarheiðargöng nær að seigja (seyð-egils) (seyð-mjóí-nesk) (seyð-mjóí fagrig eða hérað) en ég vill (seyð-mjóí-fagrig-nesk) gangi ykkur vel með verkefnið
- Of flókin
- eina er að eg myndi samþykkja meiri sameiningu á austurlandi ekki við að fá eina útfærslu, þa þyrftu öll göng að vera gerð, ásamt suðurfjarðargöngum
- Drullisti til að standa við áralanga vinnu og samráð um forgangsöröðun, öryggi og eflingu byggðar á Austurlandi. Setjið á ykkur landsbyggðarglæraugun
- Hættið að dreifa mikilvægum málum á dreif
- Spurnin um sameiningu er ekki hægta að svar fyrir bara einhvern valkost ganga. Það þarf að tengja firði (fleiri en einn fjörð) og hérað og losna við Fagradal. Það eru mikilvægustu samgöngu og samfélagsbætur sem eru nauðsynlegar svo Austurland dafni
- Nei
- engar
- Fjarðarheiðargöng eru algjör frumforsenda. Allt annað fölnar í samanburði. Mjög hlynntur öðrum göngum annars.